

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Minnisblað

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd**
Sendandi: **Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið**
Dagsetning: **12.12.2012**
Málsnúmer: **ANR12090514**
Bréfalykill: **4.1.6**

Efni: **Umsagnir um frumvarp til laga um útgáfu og meðferð rafeyris**

Efnahags- og viðskiptanefnd bærust umsagnir frá þremur aðilum, Fjármálaeftirlitinu, Samtökum fjármálafyrirtækja og Seðlabankanum, vegna frumvarps til laga um útgáfu og meðferð rafeyris (þskj. 224, 216. mál) sem ætlað er að innleiða tilskipun Evrópuþingsins- og ráðsins 2009/110/EB um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og varfærniseftirlit með þeim, breytingu á tilskipunum 2005/60/EB og 2006/48/EB og um niðurfellingu á tilskipun 2000/46/EB um lánasamninga fyrir neytendur og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 87/102/EBE.

Hér að neðan er farið yfir þær umsagnir sem bærust auk þess sem svarað er nokkrum spurningum sem bærust frá efnahags- og viðskiptanefnd. Í lok minnisblaðsins er að finna samantekt á þeim breytingum sem lagðar eru til.

2. gr. Gildissvið

Í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) er lagt til að fjárhæðarmörk þau er fram koma í a. lið 2. gr. verði tekin til endurskoðunar, þau hækkuð eða felld út. Að höfðu samráði við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og Electronic Money Association telur ráðuneytið ráðlegt að fella út fjárhæðarmörkin. Ljóst er að skilgreining á lokuðu kerfi eins og hún kemur fram í tilskipun 2009/110/EB (EMDII) er nokkuð opin, en færa má rök fyrir því að þar sem markaður fyrir rafeyri er ungur og í mótun sé ekki æskilegt að setja upp hindarnir, s.s. vegna hættu á peningabætti, áður en ljóst sé að þörf sé á þeim. Slíkar hindarnir geta í raun heft nýsköpun og dregið úr möguleikum íslenskra rafeyrisfyrirtækja til að bjóða þjónustu sína erlendis. Vert er að nefna að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur látið vinna fyrir sig rannsókn á samræmingu innleiðingar EMDII í aðildarríkjum og er skilgreining á lokuðu kerfi eitt af þeim atriðum sem rannsakað er sérstaklega. Búið er við að fyrstu niðurstöður verði birtar í kringum áramótin og í framhaldinu rannsóknin í heild sinni. Ráðuneytið mun endurskoða afstöðu sína til skilgreiningar á hugtakinu "lokað kerfi" með tilliti til niðurstaðna rannsóknarinnar.

4. gr. Orðskýringar

SFF leggja til í umsögn sinni að við 4. gr. frumvarpsins verði bætt skilgreiningu á dreifingaraðila. Í frumvarpinu kemur ekki fram skilgreining á hugtakinu, en í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins undir umfjöllun um hugtakið umboðaðili segir að "[g]era verður skýran greinarmun á umboðsaðila og dreifingaraðila (e. distributor). Til dreifingaraðila telst sá sem einungis veitir þjónustu í formi dreifingu rafeyris, þ.e. sölu og/eda innlausn, og sinnir ekki greiðsluþjónustu í skilningi laga nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu. Dreifing rafeyris getur því verið í höndum umboðsaðila eða dreifingaraðila. Sem dæmi um dreifingaraðila má nefna t.d. verslunarmiðstöðvar sem selja fyrirframgreidd gjafakort sem útgefn eru af rafeyrisfyrirtækjum eða öðrum útgefendum rafeyris. Tilkynningarskylda og þær kvaðir sem fylgja umboðsaðilum skv. 31 og 35. gr. frumvarpsins eiga ekki við um dreifingaraðila." Ráðuneytið styður þá tillögu að við 4. gr. verði bætt við skilgreiningu á hugtakinu dreifingaraðila sem getur orðast svo:

Dreifingaraðili: Aðili sem veitir þjónustu í formi sölu og innlausnar rafeyris fyrir hönd útgefanda og hefur ekki með höndum greiðsluþjónustu í skilningi laga nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu.

Til samræmis er lagt til að skilgreiningu frumvarpsins á orðinu umboðsaðili, sbr. 5. tl. 1. mgr. 4. gr. verði breytt með þeim hætti að í stað orðsins "dreifa" komi: selja. Hún hljóði þá svo:

Umboðsaðili: Aðili sem auk þess að selja eða innleysa rafeyri fyrir hönd rafeyrisfyrirtækis stundar greiðsluþjónustu í skilningi laga nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu.

Seðlabankinn bendir á í umsögn sinn að orðið greiðslumiðill sé ekki skilgreint í frumvarpinu. Ráðuneytið leggur til að orðinu verði bætt við 4. gr. frumvarpsins og að skilgreiningin orðist svo, í samræmi við lög nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu:

Greiðslumiðill: Hvers kyns persónubundinn búnaður og/eða verklag sem greiðsluþjónustuveitandi og notandi greiðsluþjónustu koma sér saman um og notandinn notar til að gefa greiðslufyrirmæli.

7. gr. Innlausn rafeyris

Í umsögn SFF koma fram nokkar áhyggjur af því að ákvæði 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins stangist á við 8. gr. þess þar sem ekki kemur fram í 7. gr. heimild til gjaldtöku. Ráðuneytið telur ákvæðin ekki stangast á og bendir á að þau eru samhljóða ákvæðum tilskipunarinnar, en tekur þó undir að ágætt geti verið að við 1. mgr. 7. gr. verði bætt við umfjöllun um gjaldtökuheimild. Ákvæðið hljómi þá svo:

Útgefanda rafeyris ber að innleysa peningalegt verðmæti rafeyris án tafar og á nafnverði, að kröfu handhafa rafeyrisins, að gefnu tillit til heimilda til gjaldtöku vegna innlausnarinnar, sbr. 8. gr.

Sú spurning kom frá efnahags- og viðskiptanefnd hvernig bæri að skilja ákvæði 3. og 4. mgr. 7. gr. frumvarpsins hvað varðar þau skilyrði sem útgefandi getur sett fyrir innlausn rafeyris.

Í athugasemdum við 3. mgr. 7. gr. frumvarpsins kemur fram að í samningi á milli útgefanda og handhafa rafeyris skal skýrlega greina skilyrði fyrir innlausn rafeyrisins. Hér er ekki síst átt við hvaða þóknana útgefanda er heimilt að krefjast vegna innlausnar rafeyris. Jafnframt gæti hér verið um að ræða formaskilyrði fyrir innheimtu, svo sem ákvæði um með hvaða hætti krefjast skuli innlausnar. Sem dæmi má nefna ef að útgefandi rafeyris er eingöngu með starfsemi sína á netinu þá væri ekki óraunsað að ætla að honum væri heimilt að gera kröfu um að ósk um innlausn yrði að berast í gegnum vefsíðu hans. Gerð er krafa um að handhafi rafeyris sé upplýstur um hvaða skilyrði gilda um innlausn rafeyrisins áður en samningur eða tilboð verður bindandi fyrir hann. Við mat á því hversu langt rafeyrisfyrirtæki geta gengið í þessum efnunum ber m.a. líta til 1. mgr. 23. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur að rafeyrisfyrirtæki skal viðhafa eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur. Í umfjöllun hér að neðan er lagt til að nýr málslíður bætist við 1. mgr. 23. gr. þess efnis að FME skuli setja reglur um hvað teljist eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir og venjur samkvæmt lögum þessum.

Sú spurning kom einnig frá efnahags- og viðskiptanefnd hvað átt sé með gildistíma samnings. Í samningi um kaup á rafeyri er heimilt að kveða á um hver gildistími hans á að vera, sem dæmi ef keypt er gjafakort þá er algengt að kortið hafi takmarkaðan gildistíma, s.s. 12 mánuðir, og skal þá um það kveðið í samningi aðila á milli. Að þeim tíma liðnum getur handhafi ekki notað gjafakortið til greiðslu. Hann getur þá annað hvort samið við rafeyrisútgefandann um færslu á rafeyrimum yfir á annan greiðslumiðil eða óskað eftir innlausn hans.

7. og 8. gr. Gildistími innlausnar rafeyris

Sú spurning kom frá efnahags- og viðskiptanefnd hvenær rafeyrir fyrnist. Eins og fram kom í svári ráðuneytisins dags. 18.10.2012 þá má ætla að almennur fjögurra ára fyrningarfrestur gildi um kröfur vegna rafeyris, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Þó verður að játast að skýrara væri ef að kveðið væri á um fyrningarfrestinn sérstaklega, enda er ekki með berum orðum fjallað um fyrningarfrest krafna í frumvarpinu.

Í umsögn sinni leggja SFF til að við frumvarpið verði bætt við ákvæði þess efnis að innlausnartími rafeyris eftir sammingslok verði takmarkaður við sex ár. Ráðuneytið er sammála þessari tillögu, en telur slíkt ákvæði eiga heima í lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda og þá sem ný 4. gr. a. svohljóðandi:

Krafa vegna rafeyris í skilningi laga um útgáfu og meðferð rafeyris fymnist á sex árum frá sammingslokum.

Ráðuneytið leggur til að við 7. gr. frumvarpsins verði bætt við nýrri málsgrein, 5. mgr., svohljóðandi:

Um fyrningu krafna vegna rafeyris fer skv. ákvæðum laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

13. gr. Útreikningur eigin fjár rafeyrisfyrirtækja.

Í umsögn sinni gerir FME athugasemd við orðið "hlutur" í 5. mgr. 13. gr. frumvarpsins og telur að orðið "hlutfall" lýsti því betur að verið sé að fjalla um stærð auk þess sem sú hugtakanotkun sé í samræmi við hugtakanotkun í lögum um fjármálafyrirtæki. Ráðuneytið styður þessa breytingartillögu.

14. gr. Virkur eignarhlutur.

Að mati FME þá mætti líta til sömu sjónarmiða við mat á hæfi og fram koma í lögum um fjármálafyrirtæki þrátt fyrir að ekki verði gerðar sömu kröfur og ef um fjármálafyrirtæki væri að ræða. Í umsögn eftirlitsins er því lagt til að 3. mgr. 14. gr. frumvarpsins orðist svo:

Ákvæði VI. hluta kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, gilda um meðferð virkra eignarhluta í rafeyrisfyrirtækjum og mat á hæfi virks eiganda eftir því sem við á.

Einnig bendir FME á að nægilegt væri að eftirlitið setti viðmið um þær upplýsingar sem greina þarf í tilkynningu vegna virks eignarhlutar í stað þess að settar séu sérstakar reglur um tilkynningarskyldu, málsmeðferð, mat á hæfi og þær upplýsingar sem greina þarf í tilkynningu skv. 4. mgr. 14. gr. frumvarpsins. Skoðun sína byggir FME á því að tilkynningarskylduna sé að finna í lagaákvæðinu sjálfu, málsmeðferðarreglurnar sé að finna í stjórnsýslulögum og reglur um tímafresti sé að finna í 1. mgr. 42. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Ráðuneytið styður tillagðar breytingar FME og þá einnig samsvarandi breytingar á ákvæðum laga um greiðsluþjónustu, sbr. 4. tl. 46. gr. frumvarpsins.

18. gr. Umsókn um starfsleyfi.

FME telur nægilegt að sett verði viðmið um þær upplýsingar sem greina skal í tilkynningu vegna starfsleyfis rafeyrisfyrirtækja og greiðslustofnana, í stað þess að settar séu reglur. Ráðuneytið er sammála því mati og er því lagt til 2. mgr. 18. gr. frumvarpsins hljóði svo:

Fjármálaeftirlitið setur nánari viðmið um þær upplýsingar sem greina þarf í umsókn, svo og nauðsynleg fylgigögn, til þess að umsókn teljist fullnægjandi.

19. gr. Viðvarandi upplýsingaskylda.

Lagt er til að ákvæði 2. mgr. 19. gr. frumvarpsins, sem fjallar um reglur sem FME skal setja um tilkynningarskyldu vegna breytinga á áður veittum upplýsingum, verði felld brott sökum þess að fram kemur í 1. mgr. 19. gr. að tilkynna skuli um allar breytingar á áður veittum upplýsingum og ekki sé þörf á reglum um framkvæmdina.

Ráðuneytið styður tillagðar breytingar FME og þá einnig samsvarandi breytingar á ákvæðum laga um greiðsluþjónustu, sbr. 4. tl. 46. gr. frumvarpsins.

20. gr. Starfsleyfisskilyrði.

Í 5. mgr. 20. gr. frumvarpsins kemur fram að FME skuli synja um starfsleyfi ef það telur hluthafa eða eigendur virkra eignarhluta í rafeyrisfyrirtæki ekki hæfa með tilliti til traustar og varfærinnar

stjórnunar fyrirtækisins. FME leggur til að orðið hluthafar verði fellt út úr með vísan til þess að samkvæmt öðrum lögum sem heyra undir eftirlitið er ekki lagt mat á hæfi einstakra hluthafa nema þeir teljist eigendur virkra eignarhluta, þ.e. að eignarhlutur fari yfir 10%. Ráðuneytið er sammála þessari tillögu FME og telur hana vera í samræmi við ákvæði EMDII.

23. gr. Góðir viðskiptahættir og þagnarskylda.

Í 1. mgr. 23. gr. frumvarpsins segir að rafeyrisfyrirtæki skuli viðhafa eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur. Lagt er til að nýr málsliður bætist við 1. mgr. svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið setur reglur um hvað teljist eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir og venjur.

Einnig er lagt til að samhljóðandi málslið verði bætt við 1. mgr. 17. gr. laga nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu. Slíkt ákvæði var að finna í frumvarpi því er varð að lögum um greiðsluþjónustu, en var fellt út við þinglega meðferð. Rökstuðningur þess var byggður á umsögn FME þar sem færð voru rök fyrir því að óþarfi væri að setja slíkar reglur með hliðsjón af ákvæðum III. og IV. kafla frumvarpsins. Auk þess sem bent var á að eftirlitið hefur heimild til að gefa út og birta opinberlega almenn leiðbeinandi tilmæli um starfsemi eftirlitskyldra aðila, enda varði málefnið hóp eftirlitsskyldra aðila, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Í FME er langt komin vinna við reglur um hvað teljist eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir fjármálfyrirtækja samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálfyrirtækis, sbr. 2. mgr. 19. gr. þeirra laga. Ekkert er því til fyrirstöðu að sömu reglur verði látnar gilda um greiðslustofnanir og rafeyrisfyrirtæki, eftir því sem við á.

25. gr. Varðveisla fjármuna.

Sú spurning kom frá efnahags- og viðskiptanefnd hvort ekki sé óskýrt að nota orðalagið "forgangskröfur" í 1. másl. 4. mgr. 25. gr. frumvarpsins með hliðsjón af vísun til 109. gr. laga um gjaldþrotaskipti. Ráðuneytið leggur til að í stað orðsins "forgangskröfur" komi: sértökukröfur.

Í umsögn sinni leggur FME til að ákvæði 6. mgr. 25. gr. verði breytt á þá leið að ráðherra skuli setja reglur um tryggilega varðveislu fjármuna í stað FME. Ráðuneytið styður ekki þessa breytingatillögu.

26. gr. Hæfismat stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda

Sú spurning kom frá efnahags- og viðskiptanefnd hvað fyrirvarinn "eftir því sem við á" þýðir í 1. mgr. 26. gr. Líkt og kemur fram í athugasemdum við ákvæðið þá skal sýna fram á það við umsókn um starfsleyfi sem rafeyrisfyrirtæki að stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur samkvæmt skipulagi rafeyrisfyrirtækis hafi góðan orðstír og búi yfir videigandi þekkingu og reynslu til að annast útgáfu rafeyris samkvæmt því sem eftirlitsaðili í heimaríki ákvarðar. Þar sem rafeyrisfyrirtæki hafa takmarkaðri starfsheimildir heldur en fjármálfyrirtæki almennt þá er það lagt í hendur FME að meta, innan þess ramma sem lög um fjármálfyrirtæki setja um hæfismat, hversu langt sé þörf á að ganga hvað varðar hæfismat fyrrgreindra aðila.

Í umsögn sinni leggur SFF til breytingar á ákvæðum 26. gr. frumvarpsins hvað varðar þær reglur sem FME skal setja um hvernig skuli staðið að hæfismati stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. SFF leggur til að bætt verði við 3. mgr. 26. gr. að í reglunum skulu tekið tillit til eðlis starfsemi fyrirtækis og umfang rekstar. Ráðuneytið styður þessa breytingartillögu.

28. gr. Eftirlit.

Í umsögn FME er gerð athugasemd við tilvísun til laga þessara í 2. mgr. 28. gr. frumvarpsins. Telur eftirlitið að rétt væri að vísa til þeirra laga sem gilda um starfsemi rafeyrisfyrirtækis í því aðildarríki þar sem það hefur starfsleyfi. Ráðuneytið er sammála því að breyta þurfi orðalagi ákvæðisins og leggur til að 2. mgr. 28. gr. frumvarpsins orðist svo:

Fjármálaeftirlitið skal hafa samstarf við lögbær yfirvöld í aðildarríkjum um framkvæmd eftirlits með starfsemi umboðsaðila, útibúa og útvistunaraðila hér á landi á vegum rafeyrisfyrirtækja sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum sem gilda um starfsemi rafeyrisfyrirtækja í þeim ríkjum.

F-hluti. III. kafla. Veiting þjónustu yfir landamæri með eða án stofnunar útibús eða í gegnum umboðsaðila

Í umsögn sinni leggur FME til að á eftir 31. gr. frumvarpsins bætist við ný grein sem fjallar um tilkynningar íslenskra rafeyrisfyrirtækja sem vilja bjóða þjónustu sína utan Evrópska efnahagssvæðisins. Ráðuneytið styður þá tillögu að eftirfarandi orðalagi verði bætt við, þá annaðhvort sem 31. gr. a. eða 32. gr.:

Starfsemi utan Evrópska efnahagssvæðisins

Hyggist rafeyrisfyrirtæki veita þjónustu samkvæmt lögum þessum í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það fyrir fram. Í tilkynningu skal koma fram heiti og heimilisfang fyrirtækis, hvaða aðildarríki á í hlut og í hverju fyrirhuguð þjónusta sé fólgin, auk annarra upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar þar að lútandi.

Fjármálaeftirlitið getur bannað starfsemi skv. 1. mgr. ef það hefur réttmæta ástæðu til að ætla að stjórnun eða fjárhagsstæða hlutadeigandi rafeyrisfyrirtækis sé ekki nægilega traust. Fyrirtækinu skal tilkynnt afstæða Fjármálaeftirlitsins svo fljótt sem auðið er.

Í umsögn sinni bendir FME réttléga á að í 1. mgr. 34. gr. frumvarpsins vantar heimild til handa rafeyrisfyrirtæki utan Evrópska efnahagssvæðisins til að veita þjónustu hér á landi án stofnunar útibús. Ráðuneytið leggur til að ákvæði 1. mgr. 34. gr. orðist svo:

Fjármálaeftirlitið getur heimilað rafeyrisfyrirtæki með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins að veita þjónustu eða opna útibú hér á landi. Skilyrði fyrir veitingu slíks leyfis er að fyrirtæki hafi leyfi til að stunda starfsemi í heimaríki sínu hliðstæða þeirri sem það hyggst stunda hér á landi og að sú starfsemi sé háð sambærilegu eftirliti í heimaríkinu.

Lagðar eru til samsvarandi breytingar á ákvæðum laga nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu, sbr. 4. tl. 46. gr. frumvarpsins.

35. gr. Umboðsaðilar

Í umsögn SFF er lagt til að FME setji fram skýrar reglur eða leiðbeinandi tilmæli um hvaða kröfur eru gerðar til innri eftirlitskerfa og hvaða hæfiskröfur stjórnendur umboðsaðila þurfa að uppfylla. SFF leggur til að við 35. gr. verði bætt nýrri málsgrein svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið setur reglur um hvaða skilyrði innri eftirlitskerfi umboðsaðila þurfa að uppfylla og hvernig skal meta hæfi stjórnenda skv. 1. mgr. Í reglunum skal tekið tillit til eðli starfsemi og umfang rekstrar.

Ráðuneytið styður ofangreinda tillögu SFF, þó er til að um verði að ræða heimild FME til að setja reglur, ekki skyldu.

39. gr. Varðveisla gagna.

Í 39. gr. frumvarpsins er lagt til að 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2008/48/EB sbr. 19. gr. tilskipunar 2007/64/EB verði innleidd þar sem kveðið er á um að rafeyrisfyrirtækjum beri að varðveita öll viðeigandi gögn að lágmarki í fimm ár. Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um lengri frest og leggur ráðuneytið til að það verði gert og miðað verði við sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs til samræmis við lög nr. 145/1994 um bókhald.

41. gr. Úrskurðar og réttarúrræði.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd bárust nokkrar spurningar sem snúa að skyldu rafeyrisfyrirtækja skv. 2. mli. 2. mgr. 41. gr. frumvarpsins til aðildar að úrskurðarnefnd um fjármálafyrirtæki. Verði frumvarpið að lögum óbreytt munu aðeins aðilar sem hafa starfsleyfi skv. lögnum verða skyldugir á grundvelli þeirra til að eiga aðild að nefndinni, s.s. aðeins rafeyrisfyrirtæki með starfsleyfi útgefið af FME.

Vert er að taka fram að það er ekki forsenda fyrir veitingu starfsleyfis að rafeyrisfyrirtæki sýni fram á að það hafi sótt um aðild að úrskurðarnefndinni, við veitingu starfsleyfis telst viðkomandi rafeyrisfyrirtæki vera orðið aðili að úrskurðarnefndinni. Úrskurðarnefndinni er veitt lögsaga með lagaákvæði til að úrskurða í samræmi við samþykktir sínar um ágreining á milli handhafa rafeyris og rafeyrisfyrirtækis með starfsleyfi hér á landi.

Úrskurðarnefndin starfar samkvæmt samkomulagi á milli atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, SFF og Neytendasamtakanna. Segja má að með frumvarpi þessu, lögum nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu og frumvarpi til laga um neytendalán (þskj. 228, 220. mál), þar sem lagt er til að öllum lánveitendum sem falla undir gildissvið frumvarpsins skuli eiga aðild að nefndinni, sé verið að útvíkka hlutverk úrskurðarnefndarinnar frá því sem verið hefur. Vert er að benda á að skv. 1. gr. samþykta nefndarinnar þá geta einstök fyrirtæki átt aðilda að nefndinni, þ.e. önnur en þau sem aðilar eru að ofangreindu samkomulagi. Ljóst er þó að full ástæða er til að endurskoða samþykktir úrskurðarnefndarinnar og hefur í raun vinna við þá endurskoðun staðið yfir í nokkurn tíma. Ráðuneytið mun beita sér fyrir því að þeirri endurskoðun verði lokið hið fyrsta.

45. gr. Gildistaka

Í umsögn sinni leggur SFF til að gildstöku frumvarpsins verði frestað til 1. júní 2013. Ráðuneytið er sammála því að ekki sé raunsætt úr þessu að frumvarpið gangi í gildi sem lög 1. janúar 2013, en telur að ekki sé þörf á lengri aðlögunartíma en fjórum mánuðum. Er því lagt til að gildistími verði 1. apríl 2013.

2. tl. 46. gr. Breytingar á lögum nr. 65/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Í umsögn SFF er lagt til að í b. lið 2. tl. 46. gr. frumvarpsins verði nýtt fjárhæðarhámark það sem kemur fram í tilskipuninni hvað varðar þau tilvik þar sem beita má einfaldaðri könnun á áreiðanleika viðskiptamanna, þ.e. að upphæð hámarksfjárhæðar í rafeyri sem geymd er á greiðslumiðli sem ekki er hægt að endurhlaða verði hækkuð úr 250 evrum í 500 evrur. Hvað þetta varðar þá bendir ráðuneytið á að aðeins er heimilt að hækka fjárhæðarmörkin í 500 evrur vegna greiðslumiðla sem aðeins er hægt að nota hérlendis (e. national payment transactions) og er nú þegar lagt til í frumvarpinu að sú heimild verði nýtt.

FME gerir einnig athugasemd við b. lið 2. tl. 46. gr. þess efnis að orðalagið sé mjög flókið og ekki sé ljóst á hverju þessi nýi tölulíður byggir. Ráðuneytið bendir á, líkt og kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu, að ákvæðið felur í sér innleiðingu á 19. gr. EMDII, nánar tiltekið 2. tl. þeirra greinar, þar sem segir:

"electronic money ... where, if it is not possible to recharge, the maximum amount stored electronically in the device is no more than EUR 250, or where, if it is possible to recharge, a limit of EUR 2 500 is imposed on the total amount transacted in a calendar year, except when an amount of EUR 1 000 or more is redeemed in that same calendar year upon the electronic money holder's request in accordance with Article 11 of Directive 2009/110/EC. As regards national payment transactions, Member States or their competent authorities may increase the amount of EUR 250 referred to in this point to a ceiling of EUR 500."

Ráðuneytið telur orðalag ákvæðisins ekki flóknara heldur en tilefni gefur til og er ekki lögð til breyting á orðalagi þess.

Í umsögn sinni bendir FME á að orðið *greiðslustofnunsé* ofaukið í c. lið 2. tölul. 46. frumvarpsins og er ráðuneytið sammála því mati.

Samantekt á tillögðum breytingum á frumvarpi til laga um útgáfu og meðferð rafeyris.

1. Orðin "og fjárhæð sem geymd er á miðlinum á hverjum tíma fari ekki yfir 100.000 kr." í a. liður 2. gr. frumvarpsins falla brott.
2. Við 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins bætast tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:
Dreifingaraðili: Aðili sem veitir þjónustu í formi sölu og dreifingar rafeyris fyrir hönd útgefanda og hefur ekki með höndum greiðsluþjónustu í skilningi laga nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu.
Greiðslumiðill: Hvers kyns persónubundinn búnaður og/eða verklag sem greiðsluþjónustuveitandi og notandi greiðsluþjónustu koma sér saman um og notandinn notar til að gefa greiðslufyrirmæli.
3. Í stað orðsins "dreifa" í 5. tl. 1. mgr. 4. gr. kemur: selja
4. Við 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins bætist: að gefnu tillit til heimilda til gjaldtöku vegna innlausnarinnar, sbr. 8. gr.
5. Við 7. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:
Um fyringu krafna vegna rafeyris fer skv. ákvæðum laga nr. 150/2007 um fyringu kröfuréttinda.
6. Í stað orðsins "hlutur" í 5. mgr. 13. gr. frumvarpsins kemur: hlutfall.
7. Á eftir orðinu "rafeyrisfyrirtækjum" í 3. mgr. 14. gr. kemur: og mat á hæfi virks eiganda.
8. 4. mgr. 14. gr. frumvarpsins orðast svo:
Fjármálaeftirlitið skal setja nánari viðmið um þær upplýsingar sem greina þarf í tilkynningu.
9. 2. mgr. 18. gr. frumvarpsins orðast svo:
Fjármálaeftirlitið setur nánari viðmið um þær upplýsingar sem greina þarf í umsókn, svo og nauðsynleg fylgigögn, til þess að umsókn teljist fullnægjandi.
10. 2. mgr. 19. gr. frumvarpsins fellur brott.
11. Orðið "hluthafar" í 5. mgr. 20. gr. frumvarpsins fellur brott.
12. Við 1. mgr. 23. gr. frumvarpsins bætist við nýr málslíður, svohljóðandi: Fjármálaeftirlitið setur reglur um hvað teljist edlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir og venjur.
13. Í stað orðsins "förgangskröfur" í 4. mgr. 25. gr. frumvarpsins kemur: sértökukröfur.
14. Við 3. mgr. 26. gr. frumvarpsins bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Í reglunum skal tekið tillit til edli starfsemi fyrirtækis og umfangi reksturs.
15. 2. mgr. 28. gr. frumvarpsins orðast svo:
Fjármálaeftirlitið skal hafa samstarf við lögbær yfirvöld í aðildarríkjum um framkvæmd eftirlits með starfsemi umboðsaðila, útibúa og útivistunaraðila hér á landi á vegum rafeyrisfyrirtækja sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum sem gilda um starfsemi rafeyrisfyrirtækja í þeim ríkjum.

16. Á eftir 31. gr frumvarpsins bætist við ný grein, 32. gr., svohljóðandi:
Starfsemi utan Evrópska efnahagssvæðisins
Hyggist rafeyrisfyrirtæki veita þjónustu samkvæmt lögum þessum í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það fyrir fram. Í tilkynningu skal koma fram heiti og heimilisfang fyrirtækis, hvaða aðildarríki á í hlut og í hverju fyrirhuguð þjónusta sé fólgin, auk annarra upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar þar að lútandi.
Fjármálaeftirlitið getur bannað starfsemi skv. 1. mgr. ef það hefur réttmæta ástæðu til að ætla að stjórnun eða fjárhagsstaða hlutaðeigandi rafeyrisfyrirtækis sé ekki nægilega traust. Fyrirtækinu skal tilkynnt afstaða Fjármálaeftirlitsins svo fljótt sem auðið er.
17. Í stað orðanna "að opna útibú hér á landi" í 1. mgr. 34. gr. kemur: að veita þjónustu eða opna útibú hér á landi.
18. Við 35. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Fjármálaeftirlitið getur sett reglur um hvaða skilyrði innri eftirlitskerfi umboðsaðila þurfa að uppfylla og hvernig skal meta hæfi stjórnenda skv. 1. mgr. Í reglunum skal tekið tillit til edli starfsemi og umfangs reksturs.
19. Í stað orðanna "að lágmarki í fimm ár" í 39. gr. frumvarpsins kemur: að lágmarki í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs
20. Í stað orðanna "1. janúar 2013" í 45. gr. frumvarpsins kemur: 1. apríl 2013.
21. C. liður 2. tölul. 46. frumvarpsins orðast svo:
Á eftir orðinu „greiðslustofnunar“ í 1. másl. 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: rafeyrisfyrirtækis.
22. B. liður 4. tölul. 46. gr. frumvarpsins fellur brott.
23. C. liður 4. tölul. 46. gr. frumvarpsins orðast svo:
Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ákvæði laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, gilda um mat á hæfi aðila til að fara með virkan eignarhlut í greiðslustofnunum og mat á hæfi virks eiganda eftir því sem við á.
Fjármálaeftirlitið skal setja nánari viðmið um þær upplýsingar sem greina þarf í tilkynningu.
24. 1. másl. liður f. liðar 4. tölul. 46. gr. frumvarpsins orðast svo: Fjármálaeftirlitið getur heimilað greiðslustofnun með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins að veita þjónustu eða opna útibú hér á landi
25. Á eftir d.undirliði i.liðar 4. tölul. 46. gr. frumvarpsins kemur nýr undirliður, svohljóðandi:
Starfsemi utan Evrópska efnahagssvæðisins
Hyggist greiðslustofnun veita þjónustu samkvæmt lögum þessum í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það fyrir fram. Í tilkynningu skal koma fram heiti og heimilisfang fyrirtækis, hvaða aðildarríki á í hlut og í hverju fyrirhuguð þjónusta sé fólgin, auk annarra upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar þar að lútandi.
Fjármálaeftirlitið getur bannað starfsemi skv. 1. mgr. ef það hefur réttmæta ástæðu til að ætla að stjórnun eða fjárhagsstaða hlutaðeigandi greiðslustofnunar sé ekki nægilega traust. Fyrirtækinu skal tilkynnt afstaða Fjármálaeftirlitsins svo fljótt sem auðið er.
26. Við 4. tl. 46. gr. frumvarpsins kemur nýr stafliður svohljóðandi: Í stað orðins "forgangskröfur" í 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: sértökukröfur.
27. Við 46. gr. frumvarpsins bætist nýr töluliður sem orðast svo:
5.Lög nr.150/2007 um fyrningu kröfuréttinda
Á eftir 4. gr. laganna bætist við ný grein, 4. gr. a., er orðast svo:

Krafa vegna rafeyris í skilningi laga um útgáfu og meðferð rafeyris fymist á sex árum frá samningslokum.